

Nd.

135. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Fyrsta málsgr. 8. gr. falli burt eins og hún er nú orðuð. Í stað hennar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Próf það, er um getur í 7. gr., skal halda í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

Orðið »bæjarstjórnar« í enda 2. málsgr. falli burt. Í stað þess komi: Fiskifjelags Íslands.

Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgrein, er svo hljóði:

Prófverkefni skulu samin af forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Aftan við e-lið 10. gr. kom nýr liður, svo hljóðandi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að veita þeim skipstjórum, er verið hafa skipstjórar á fiskiskipum 25–60 rúmlesta í full 6 ár, rjett til skipstjórnar á fiskiskipum alt að 150 rúmlesta stærð, enda hafi þeir kynt sig að góðri skipstjórn að áliti þar um dómbærra manna.

3. gr.

Í stað orðanna »30 rúmlesta« í upphafi 18. gr. komi: 20 rúmlesta.

Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Í veiðistöðvum, þar sem bátar koma að jafnaði daglega úr róðri, skal þó eigi skylt að hafa stýrimann auk skipstjóra á þeim bátum, er þannig stunda veiðar, þótt um báta alt að 30 rúmlesta sje að ræða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.